

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR fiskeldi í sjó

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir fiskeldi í sjókvíum.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri sínum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda.	550/2018 13. og 56. gr.	
1.4	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Framleiðslumagn og afföll.</li> <li>b) Fóðurnotkun og fóðurgerð.</li> <li>c) Losun efna út í umhverfið.</li> <li>d) Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.</li> <li>e) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.</li> <li>f) Afstöðumynd af stöðinni skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á kvíum og festingum auk aðstöðu í landi.</li> <li>g) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.</li> <li>h) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. bilanir á búnaði, leka og slys.</li> </ul> Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.	550/2018 8. og 57. gr.	

## 2. MENGUNARVARNIR OG UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Beita skal bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.	550/2018 54. gr.	
2.2	Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara nætur og botnfestingar.	1170/2015 43. gr.	
2.3	Rekstraraðila er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði sínu sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir aðra.	737/2003 16. og 18. gr.	
2.4	Beita skal bestu aðgengilegu tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá rekstraraðila. Rekstraraðili skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annars staðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokað og standast kröfur eftirlitsaðila. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	
2.5	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldinu, fóðurgeymslum og úrgangi á vegum rekstraraðila, eftir því sem frekast er unnt.	300/2018 15. gr.	
2.6	Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu í landi skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.	798/1999 5. gr.	
2.7	Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við eftirlitsaðila, gera ráðstafanir til úrbóta.	550/2018	
2.8	Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við eftirlitsaðila, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar né slyshætta skapist.	550/2018 15. gr. og rgl. nr. 1170/2015 17. gr.	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, 1170/2015 um fiskeldi, reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýa, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.